

LANDSRÉTTUR

Úrskurður miðvikudaginn 24. júní 2020.

Mál nr. 291/2020:

Brynja, hússjóður Öryrkjabandalags Íslands

(Óskar Sigurðsson lögmaður)

gegn

Reykjavíkurborg og

(enginn)

Sjálfsbjörgu, landssambandi hreyfihamlaðra

(Sveinn Guðmundsson lögmaður)

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Davíð Þór Björgvinsson og Jóhannes Sigurðsson og Björg Thorarensen, settur landsréttardómari, kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 8. maí 2020. Greinargerð varnaraðilans Sjálfsbjargar, landssambands hreyfihamlaðra, barst réttinum 20. maí sama mánaðar. Varnaraðilinn Reykjavíkurborg hefur ekki látið málið til sín taka. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. apríl 2020 í málinu nr. E-2188/2019 þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum var vísað frá domi. Kærhuheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- 2 Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdóm að taka málið til efnislegrar meðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.
- 3 Varnaraðilinn Sjálfsbjörg, landssamband hreyfihamlaðra, krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Niðurstaða

- 4 Í máli þessu leitast sóknaraðili við að hnækja samþykktum byggingarfulltrúans í Reykjavík um að minnka lóð Hátúns 10 í Reykjavík og stofna tvær nýjar lóðir, Hátún 12 og Hátún 14. Sóknaraðili vísar til þess að um hafi verið að ræða óskipta lóð Hátúns 10-14 og byggir á því að fyrri samþykktir um skiptingu lóðarinnar í þrjár lóðir séu ekki gildar og geti ekki verið grundvöllur undir þær samþykktir um skiptingu lóðarinnar sem sóknaraðili krefst ógildingar á. Málatilbúnaður sóknaraðila byggir samkvæmt þessu á að um óskipta lóð sé að ræða sem teljist til sameignar.
- 5 Fyrir liggur að lóðaleigusamningur var gerður um lóðina Hátún 10-12 6. júní 1967 þar sem sóknaraðili og varnaraðilinn Sjálfsbjörg tóku á leigu lóðina af varnaraðilanum Reykjavíkurborg. Með yfirlýsingu sóknaraðila og varnaraðilans Sjálfsbjargar 29.

september 1989, sem árituð var um samþykki varnaraðilans Reykjavíkurborgar, var Íþróttafélagi fatlaðra heimilað að reisa íþróttahús á lóðinni sem yrði auðkennd Hátún 10-14 og yrði íþróttahúsið auðkennt sem Hátún 14. Ekki var þó gerður nýr lóðaleigusamningur um lóðina af þessu tilefni eða viðauki við eldri lóðaleigusamning.

- 6 Samkvæmt þessu voru Íþróttafélagi fatlaðra veitt réttindi yfir lóðinni Hátúni 10-14 með umræddri yfirlýsingu. Verður því ekki leyst úr gildi hinna umdeildu samþykktu byggingarfulltrúans í Reykjavík án aðildar íþróttafélagsins. Bar sóknaraðila því að beina málssókn sinni að íþróttafélaginu samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.
- 7 Sóknaraðila verður gert að greiða varnaraðilanum Sjálfssbjörgu, landssambandi hreyfihamlaðra, kærumálskostnað eins og greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Brynja, hússjóður Öryrkjabandalags Íslands, greiði varnaraðila, Sjálfssbjörgu, landssambandi hreyfihamlaðra, 250.000 krónur í kærumálskostnað.

Rétt endurrit staðfestir

Gjald: 600 kr.

